

- Margþætt bilun eins eða fleiri kerfa loftfarsins sem hefur alvarleg áhrif á starfrækslu þess.
- Flugliðar verða ófærir um að gegna störfum sínum í flugi.
- Sérhvert tilvik þegar eldsneytismagn loftfars á flugi gerir flugmanni nauðsynlegt að lýsa yfir neyðarástandi.
- Óhöpp í flugtaki og í lendingu. Óhöpp svo sem ef loftfar skammlendir, rennur út af brautarenda eða rennur út af hlið flugbrautar.
- Kerfisbilanir, veðurfyrirbrigði, starfræksla utan viðurkenndra afkastamarka og önnur atvik, sem gætu hafa valdið erfiðleikum við stjórn loftfarsins.
- Bilun meira en eins kerfis í kerfaheild sem krafist er fyrir stjórnun flugsins og flugleiðsögu.

SAMÞYKKT

um holræsi og holræsagjöld í Ljósavatnshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd sér um að leggja holræsi í landi hreppsins. Hreppurinn getur tekið að sér að leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa. Er þeim húseigendum er þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því í aðalræsi. Regnvatn frá húsum og hitaveituvatn frá ofnakerfi skal leggja í sérræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi (frá húsi að aðalræsi) innan hæfilegs frests, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Alla framkvæmdaþörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast hreppsnefnd eða þeir aðilar sem hreppsnefnd felur það, undir hennar umsjón.

Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila og er öllum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar er máli skiptir.

Oddviti hreppsnefndar annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af kostnaði við gerð og rekstur þess, ber hverjum húseiganda sem tengist holræsakerfi hreppsins að greiða holræsagjald til hreppsins sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,15% samkvæmt fasteignamati, þó aldrei lægra en 2.500 kr.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um 50% án samþykkis ráðuneytisins.

4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur sem hreppsnefndin kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í tvö næstu ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagar holræsagjalda eru þeir sömu og á fasteignasköttum.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ljósavatnshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. febrúar 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

18. febrúar 1998

Nr. 128

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Safnasafnið.

1. Nafn og stofnsetning.

Með skipulagsskrá þessari stofnsetja Magnhildur Sigurðardóttir, kt. 111150-3549 og Niels Hafstein Steinþórsson, kt. 040247-7699, Freyjugötu 34, Reykjavík, sjálfseignarstofnunina Safnasafnið.

2. Lögheimili og varnarþing.

Lögheimili Safnasafnsins er í Svalbarðsstrandarhreppi og varnarþing hjá héraðsdómi Norðurlands eystra.

3. Deildaskipting.

Safninu er skipt í listadeild og sérsafnadeild.

4. Húsnæðismál.

Stjórn er heimilt að kaupa, byggja, leigja, þiggja að gjöf eða fá lánað húsnæði undir starfsemi safnsins til lengri eða skemmri tíma.

5. Markmið.

Að safna verkum eftir alþýðulistarmenn, uppfinningamenn, hagleiksmenn, einfara og þá listamenn sem hverju sinni vinna undir áhrifum frá verkum ofangreindra manna.

Að safna bús hlutum, hagleiksverkum, hljóðfærum, leikföngum, listiðnaði, líkönnum, ljósmyndum, minjagripum, uppfinningum, vélum og tækjum, og ýmsu öðru því efni er orðið gæti til nýbreytni í sýningum og varpað ljósi á fortíð og líðandi stund.

Að safna munum og heimildum er tengjast viðfangsefnum og hugmyndum, lífsstarfi og minningum ofangreindra manna.